

SAMÞYKKT

7

9. febr.

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum.

1. gr.

Félagið heitir: „Veiði- og fiskræktarfélagið Laxá á Ásum“. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagssvæðið er Laxá frá Húnaós að Laxárvatni. Þar til heyra þessar jarðir: Hjaltabakki, Húnsstaðir, Holt, Hnjúkar, Sauðanes, Hurðarbak, Hamrakot.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

- a. Að auka laxgöngu í Laxá, svo sem með byggingu klakstöðvar, flutningi seyða, friðun, eyðingu sels og annars veiðivargs.
- b. Að reka laxveiðina í nefndri á með félagsstarfrækslu.

Heimilt er félaginu, hvort heldur sem er, að leigja veiðina til stangaveiða, eða að veiða með sameiginlegum veiðitækjum, þar sem best hentar í ánni.

4. gr.

Stjórn félagsins skipar þriggja manna nefnd. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn og skipta þeir sjálfir með sér verkum. Enginn félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema hann hafi verið 6 ár í stjórn.

5. gr.

Formaður hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins milli funda, og boðar til þeirra og stýrir þeim. Hann er málsvari félagsins út á við, og ber, ásamt allri stjórninni, ábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins. Hann hefir á hendi reikningsfærslu fyrir félagið og sér um bókun fundargerða.

Á stjórnarnefndarfundum ræður afl atkvæða. Skylt er formanni að boða til fundar, ef meiri hluti stjórnarnefndar óskar þess. Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi, er aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafundar þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess út af ákveðnu fundarefni.

7. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda félagið með lántöku, er nota þarf til stofnkostnaðar þess eða nauðsynlegs rekstrarfjár.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Aðalfundur hefir æðsta vald í öllum félagsmálum. Skal hann haldinn fyrir febrúarlök ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með viku fyrirvara. En séu einhverjir aðilar búsettir í fjarlægð, skal boða þá með þriggja vikna fyrirvara.

Á fundinum leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síð-

7 astliðið ár, skýrir frá störfum þess og leggur fram áætlun um starfstílhögun og 9. febr. starfrækslukostnað fyrir yfirstandandi ár. Aðalfundur gerir ákvarðanir um, hvort öllum arði félagsins skuli skipt upp samkvæmt arðskrá, eða einhver hluti hans lagður í sjóð til trygginga við rekstur félagsins. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur til tveggja ára, er gangi úr sitt árið hvor. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Sé fundur ekki lögmætur, skal boða til hans á ný og er hann þá lögmætur, sé löglega til hans boðað.

10. gr.

Félagsmenn bera ábyrgð á kostnaði þeim, er af rekstri félagsins leiðir, í hlutfalli við gjaldskrá þess og taka eftir sömu reglum hlut í arði félagsins.

Arður þessi eða kostnaður jafnast niður fyrir hvert ár. Gjaldskránni má aðeins breyta eftir sömu reglum og samþykktinni.

11. gr.

Gjalddagi á árgjöldum samkvæmt gjaldskrá er fyrir aprilmánaðarlok. Gjöldin eru lögtakskræf.

12. gr.

Félagar eru allir þeir eigendur jarða eða ábúendur, er veiðirétt hafa á félagssvæðinu. Fer hver þeirra með eitt atkvæði á fundum félagsins, en sé um sameign fleiri að ræða, þá formaður.

13. gr.

Félagsmönnum og öðrum, er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax eða silung, sem og stangaveiðatæki, nema þeir sanni, að þau eigi að nota í vatni utan félagssvæðisins. Öll veiðarfæri, er nota á til veiða á félagssvæðinu, skulu merkt með merki félagsins: „Lax á Ásum“.

Um veiði til klaks og vísindalegra rannsóknna fer eftir gildandi lögum.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 1000 kr. sektum, er renna í sýslusjóð, og öll veiðarfæri og ólögleg veiði gerð upptæk.

15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja breytinguna, sem sé birt í fundarboðinu.

16. gr.

Nú þykir æskilegt, að slita félagsskapnum og er það þá heimilt, ef tveir löglega boðaðir fundir, hvor eftir annan, samþykkja með $\frac{2}{3}$ atkv. félagsslitin. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafna niður á félagsmenn eftir gildandi gjaldskrá.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.